124 til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað
5. desbr. til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að eigi megi afhenda þau.

125 **Brjef stjórnarráðsins** *til biskups* **um sölu kristfjárjarðarinnar**
5. desbr. **Sljettu í Sljettuhreppi.**

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 14. október þ. á. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi kristfjárjörðina Sljettu í Sljettuhreppi, sem heyrir undir Vatnsfjarðarprestakall í Norðurísafjarðarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 2350 kr. með þeim skilyrðum, *að* af söluandvirðinu verði notaðar 1200 kr. til þess að losa prestakallið að fullu við þá kvöð að halda kristfjárómaga fyrir Sljettuhrepp, *að* eptirstöðvarnar, 1150 kr., ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minnsta kosti 4%, *að* 2 kr. af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og *að* jörðin verði framvegis skoðuð sem bændaeign að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði þeim hluta kaupverðsins, er ávaxtast skal undir yðar umsjón, varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað til þess að ritað verði á þau að þau sjeu eign prestakallsins og að eigi megi afhenda þau.

126 **Brjef stjórnarráðsins** *til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu* **um skipt-**
21. desbr. **ing Breiðdalshrepps í tvö sveitarfjelög.**

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. maí þ. á., hefir stjórnarráðinu borizt erindi frá hreppsnefndinni í Breiðdalshreppi í sýslu yðar um skipting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar með því, að skipting þessi verði leyfð. Ennfremur hafa hingað borizt með brjefi yðar, dags. 18. f. m., tillögur yðar og hreppsnefndar Breiðdalshrepps um tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hinna tveggja fyrirhuguðu hreppa.

Útaf þessu skal hjermeð samkvæmt 23. og 2. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Breiðdalshreppi í Suðurmúlasýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, þannig að annar hreppurinn nái yfir Breiðdal að Merkikambi í Hvalneskriðum og haldi nafninu Breiðdalshreppur, en hinn hreppurinn nái frá áðurnefndum Merkikambi kringum Stöðvarfjörð að svonefndu Merkigili fyrir austan Bæjarstaði og nefnist Stöðvarhreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Breiðdalshrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Breiðdalshrepps komi $^2/_3$ hlutar, en í hlut Stöðvarhrepps